

REGLUGERÐ

um úthlutun og greiðslu fjárframlags ársins 2023 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

1. gr.

Jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóða.

Stuðla skal að því að mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóða verði jöfnuð eins og nánar greinir í reglugerð þessari. Ríkissjóður veitir árlegu fjárframlagi til lífeyrissjóða til þess að ná því markmiði samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga nr. 113/1990, um tryggingagjald.

Í samræmi við VI. kafla laga nr. 113/1990, skal fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2023 nema 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds skv. III. kafla laga nr. 113/1990. Framlagið skal byggjast á upplýsingum ríkisreiknings um áætlaðan gjaldstofn tryggingagjalds næstliðins árs.

Fjármála- og efnahagsráðuneytið annast úthlutun og greiðslu framlags til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða samkvæmt reglugerð þessari.

2. gr.

Skipting framlagsins milli lífeyrissjóða.

Framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða skal skipt milli lífeyrissjóða með eftirfarandi hætti:

- Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í heildarörorkulífeyrisgreiðslum allra lífeyrissjóða á næstliðnu ári.
- Fundin er hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í skuldbindingum lífeyrissjóða til greiðslu örorku-lífeyris umfram 10% af heildarlífeyriskuldbindingum sjóðanna í framtíðinni vegna væntanlegra iðgjalda miðað við tryggingafræðilega stöðu lífeyrissjóða við lok næstliðins árs. Nú hefur lífeyrissjóður nýtt heimild samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða, nr. 129/1997, til þess að ákveða lágmark tryggingaverndar þannig að iðgjaldi sé varið að hluta til öflunar lífeyrisréttinda í séreign og skal þá verðmæti iðgjaldsgreiðslna vegna réttinda sem aflað er í séreign talið til skuldbindinga sjóðsins í framtíðinni þegar fundin er hlutdeild sjóðsins skv. 1. málsl.
- Meðaltalshlutfall skv. 1. og 2. tölul. myndar hlutdeild hvers lífeyrissjóðs í framlagi til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða.

3. gr.

Úthlutun fjárframlags árið 2023.

Samkvæmt 19. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, skal fjárframlag til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2023 renna til lífeyrissjóða sem hafa starfsleyfi frá fjármála- og efnahagsráðherra, sbr. ákvæði laga nr. 129/1997, um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða. Áætlaður gjaldstofn tryggingagjalds árið 2022 nemur samkvæmt ríkisreikningi 2022 samtals kr. 2.033.023.665.533 og er áætlað fjárframlag ársins 2022 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða því með vísan til 1. gr. samtals kr. 6.607.326.913 og skiptist það milli lífeyrissjóða sem hér segir:

Lífeyrissjóður	Fjárhæð kr.	Hlutfall
Almanni lífeyrissjóðurinn	39.875.218	0,604%
Birta lífeyrissjóður	227.457.229	3,443%
Eftirlaunasjóður FÍA	11.067.273	0,168%
Brú lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L060EsRb	1.090.209	0,017%
Brú lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L050EsH	4.129.579	0,063%
Festa lífeyrissjóður	829.748.114	12,558%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	124.382.929	1,883%
Gildi lífeyrissjóður	2.610.653.973	39,512%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	61.018.664	0,924%
Brú lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L140LsA	1.651.832	0,025%
Lífeyrissjóður bankamanna-aldur	27.982.029	0,424%
Lífeyrissjóður bankamanna-hlutfall	11.959.262	0,181%

Brú lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L510LsN	429.476	0,007%
Lífeyrissjóður Rangæinga	47.044.168	0,712%
Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar	4.096.543	0,062%
Lífeyrissjóður starfsm. Búnaðarbanka Íslands hf.	3.634.030	0,055%
Brú lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L600LsH	891.989	0,014%
Brú lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L400LK	3.634.030	0,055%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	28.048.103	0,425%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-A	432.284.363	6,543%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-B	135.945.751	2,058%
Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-A	301.426.254	4,562%
Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-V	122.962.354	1,861%
Brú lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L700LsV	3.006.334	0,046%
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	2.411.674	0,037%
Lífsværk lífeyrissjóður	18.203.186	0,276%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	553.727.032	8,381%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	119.493.507	1,809%
Stapi lífeyrissjóður	757.067.518	11,458%
SL lífeyrissjóður	102.479.640	1,551%
Samtals	6.607.326.913	100,000%

Við greiðslu fjárframlags ársins 2024, í október 2024, skal endurreikna, og leiðrétta ef þörf er á, fjárframlag ársins 2023 á grundvelli endurskoðaðra upplýsinga um gjaldstofn tryggingagjalds ársins 2022.

4. gr.

Leiðrétting fjárframlags ársins 2022.

Endurskoðaður gjaldstofn tryggingagjalds vegna ársins 2021 er kr. 1.700.465.151.023. Mismunur áætlaðs gjaldstofns tryggingagjalds ársins 2021 skv. 3. gr. reglugerðar nr. 1407/2022, um úthlutun og greiðslu fjárframlags ársins 2022 til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða, og endurskoðaðs gjaldstofns tryggingagjalds vegna ársins 2021 er kr. 54.593.447.325 til hækkunar. Fjárframlag ríkissjóðs til jöfnunar örorkubyrði lífeyrissjóða fyrir árið 2022 nam 0,325% af gjaldstofni tryggingagjalds, sbr. lög nr. 177/2006, um breyting á lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald. Leiðrétting fjárframlags ársins 2022, frá því sem það var ákvarðað með reglugerð nr. 1407/2022, nemur því samtals kr. 177.428.703 til hækkunar. Áætlað fjárframlag ársins 2023 eins og það er ákvarðað skv. 3. gr. hækkar þær fjárhæðir sem tilgreindar eru í eftirfarandi töflu:

<i>Lífeyrissjóður</i>	<i>Fjárhæð kr.</i>	<i>Hlutfall</i>
Almanni lífeyrissjóðurinn	1.039.732	0,586%
Birta lífeyrissjóður	6.105.322	3,441%
Eftirlaunasjóður FÍA	292.757	0,165%
Brú lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L060EsRb	42.583	0,024%
Brú lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L050EsH	113.554	0,064%
Festa lífeyrissjóður	22.416.342	12,634%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	4.014.324	2,263%
Gildi lífeyrissjóður	71.448.766	40,269%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	1.369.750	0,772%
Brú lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L140LsA	70.084	0,040%
Lífeyrissjóður bankamanna-aldur	769.153	0,434%
Lífeyrissjóður bankamanna-hlutfall	442.685	0,250%
Lífeyrissjóður bænda	504.785	0,285%
Brú lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L510LsN	12.420	0,007%
Lífeyrissjóður Rangæinga	1.131.108	0,638%

Lífeyrissjóður starfsm. Búnaðarbanka Íslands hf.	172.106	0,097%
Brú lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L600LsH	34.599	0,020%
Brú lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L400LK	113.554	0,064%
Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar	793.106	0,447%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-A	11.500.041	6,482%
Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins-B	4.275.145	2,410%
Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-A	8.321.406	4,690%
Brú lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga-V	3.167.102	1,785%
Brú lífeyrissj. starfsm. sveitarfélaga-B L700LsV	73.633	0,042%
Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands	63.874	0,036%
Lífsværk lífeyrissjóður	402.763	0,227%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	14.732.792	8,304%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	3.485.587	1,965%
Stapi lífeyrissjóður	18.826.960	10,611%
SL lífeyrissjóður	1.590.648	0,897%
Samtals	177.428.703	100,000%

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 22. gr. laga nr. 113/1990, um tryggingagjald, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 1407/2022 sama efnis.

Fjármála- og efnahagsráðuneytinu, 1. desember 2023.

F. h. r.

Guðrún Þorleifsdóttir.*Anna V. Ólafsdóttir.***Fyrirvari**

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.